

Knapamerki 5



Efnisyfirlit.

1. kafli Saga reiðmennsku.....	4
Hvaða merkingu hefur orðið „dressage“?	4
Xenophon – fæðing hinnar klassísku reiðmennsku	5
Hesturinn við hirðir í Evrópu	6
Versalaskólinn og Guénière.....	8
Baucher, d’Aure og Saumur í Frakklandi	10
Spænski reiðskólinn í Vín	11
Þróun fimipjálfunnar á 19. og 20. öldinni	13
Þróun í Bandaríkjunum	14
Portúgal og Nuno Olivera	15
Tuttugusta öldin	16
Hin græna hestamenska	16
2. kafli Þjálfun hesta – þjálfunarlífeðlisfræði.....	19
Þjálfun	19
Markmið þjálfunar er að auka styrk og þol.....	20
Þjálfunarlífeðlisfræði	22
Blóðrás og öndun	24
Ofálag og þreyta.....	25
Mismunandi þjálfun	26
„Á toppnum“	28
3. kafli Opinn sniðgangur	29
Hvað er opinn sniðgangur?	29
Þróun sniðgangs	30
Krossgangur og sniðgangur, ekki sama æfing	31
Forsendur hestsins	31
Að ríða opinn sniðgang	32
Vandamál við að ríða sniðgang	34
4. kafli Að bakka	36
Undirbúningur við hönd	36
Undirbúningur á baki	36
Æfingin að bakka	37
Algeng vandamál	39
5. kafli Gangtegundapjálfun	41
Þjálfun er aldrei lokið	41
Klárhestur – alhliða hestur	42
Gangskiptingar	43
Hraðabreytingar	44
Yfirferð	45
6. kafli Fetþjálfun.....	46
Vandamál á feti	47
Fet – hreyfistig	49
7. kafli Stökkþjálfun.....	50
Gildi stökkþjálfunar	50
Stökkskipting og ábendingar	51
Stökkæfingar – hraðabreytingar	53
Áseta og hvatning	54
Að hægja niður	55
Vandamál á stökki	56
Hægra stökk – Hreyfistig	57
8. kafli Brokkþjálfun	58
Brokk	58
Af hverju brokkar hann ekki?	59
Áseta á brokki	59
Slár – hringteymingar	61
Þorir hann að brokka?	61
Auknar kröfur geta bætt brokk	61
Baugavinna og svo beint áfram	62
Mýkt og fjöðrun	63
Stjórn á hraða og formi	63
Rétt en ekki rangt	64
Brokk – Hreyfistig	65
9. kafli Töltþjálfun	66
Tölt	66
Töltþjálfun	67
Form á tölti	69
Bundinn á tölti	69
Tölt á sveigðum sporum	70
Í frjálsum reiðtúrum	71
Stytta skrefið og stöðva	72
Upp á fótinn	73
Ekki til uppskrift	73
Klárangur á tölti – æfingar og aðferðir	74
Með því að létta á baki og láta tauminn í friði!	74
Inn í töltið af feti	74
Á viðavangi	75
Hliðstæð hreyfing	75
Áseta og hreyfing á tölti	75
Tölt – Hreyfistig	77
Skeið – Hreyfistig	78
10. kafli Íslenskar stangir	79
Þróun beislisbúnaðar	79
Stangamél	79
Íslenskar stangir og notkun þeirra	80
11. kafli Félagasamtök og stofnanir	83
Landssamband hestamannafélaga – LH	83
Tilgangur og markmið LH	83
Alþjóðasamtök landssamtaka um íslenska hestinn – FEIF	84
Félag hrossabænda – FHB	85
Félag tamningamanna – FT	86
Sögusetur íslenska hestsins	87
Veraldarfengur – WorldFengur	88
Háskólinn á Hólum	88
Landbúnaðarháskóli Íslands Hvanneyri – LBHÍ	90

3. kafli *Opinn sniðgangur*

Í þessum kafla verður fjallað um æfinguna opinn sniðgang en hún er af mörgum talin ein mikilvægasta æfingin við þjálfun hesta. Þær æfingar sem áður hafa verið kenndar í Knapamerkjunum, s.s. framfótasnúningur, að vikja á baug og krossgangur, eru allt liðkandi og losandi æfingar og forsenda þess að tímabært sé að æfa opinn sniðgang.

Hvað er opinn sniðgangur?

Opinn sniðgangur er liðkandi æfing fyrir hestinn og eykur sveigjanleika hans ásamt því að hafa safnandi áhrif. Sniðgangurinn mýkir hestinn, jafnar út misstyrk og stuðlar að því að gera hann samspora. Æfingin gerir hestinn næman fyrir ábendingum knapans, sérstaklega fótábendingum þar sem hann á að sveigja sig um innri fót knapans og stíga með innra afturfæti fram að ytri bóg (taum). Jafnvægi og mýkt hestsins batnar þegar riðinn er sniðgangur og er æfingin grundvöllur fyrir söfnun og því að kynna aðrar æfingar, svo sem afturfótasnúning, lokaðan sniðgang og hliðargangsæfinguna „half-pass“ en þar gengur hesturinn áfram og til hliðar sveigður til þeirrar áttar sem hann gengur til. Sniðgangur bætir mjög stjórnun knapans á bógum hestsins sem er forsenda þess að geta stjórnað afturhluta hans, t.d. við söfnun.



Hesturinn látinn **vikja með framhluta um afturhluta** á litlum baug, **undanfari að afturfótasnúningi**.

Í kaflanum um framhaldsvinnu við hönd á 4. stigi eru kynntar æfingar sem undirbúa vel opinn sniðgang og því er mönnum bent á að rifja upp þá umfjöllun hér. Jafnframt er baugavinna mjög góður undirbúningur fyrir opinn sniðgang – sérstaklega að stækka og minnka baug.



Opinn sniðgangur, hesturinn á þremur sporaslóðum.



Lokaður sniðgangur, hesturinn á þremur sporaslóðum.



Krossgangur.



Opinn sniðgangur.



Æfingin „Half Pass“ – í henni gengur hesturinn **áfram og til hliðar samtímis** og er stilltur í þá átt sem hann er að fara til. Æfingin er safnandi og gjarnan æfð í kjölfarið á sniðgangi.

Opinn sniðgangur:

- Sniðgangur er safnandi æfing sem einnig hefur liðkandi áhrif.
- Æfingin bætir svörun við hvetjandi og (hægjandi) hamlandi ábendingum.
- Æfingin eykur jafnvægi um leið og hún þjálfar upp burð afturfóta.
- Æfingin liðkar bógana og eykur bóghreyfingar.
- Æfingin jafnar misstyrk, losar um hliðar hestsins og bætir höfuðburð.
- Æfingin stuðlar að mýkt og að hesturinn verði samspora.
- Sniðgangur er sú fimíæfing sem er hvað gagnlegust til að bæta töltið.

Æfingin sniðgangur hefur stundum verið kölluð „æfing æfinganna“ vegna þess hversu mikilvæg hún hefur verið talin við þjálfun hesta. Sniðgangurinn hentar sérstaklega vel við töltþjálfun og er því mjög mikilvæg æfing sem vert er að þekkja vel og æfa mikið. Að geta riðið sniðgang rétt er grundvöllur fyrir margt annað sem fylgir í þjálfun hestsins, s.s. til að bæta gangtegundirnar og aðrar fimíæfingar. Opinn sniðgangur er liðkandi og safnandi æfing sem hefur margvísleg góð áhrif í þjálfun hestsins.



Krossgangur.



Opinn sniðgangur.

Þróun sniðgangs

Talið er að æfinguna opinn sniðgang, eða „shoulder in“ eins og hún heitir á ensku, hafi breskur hertogi að nafni William Cavendish (Newcastle) þróað fyrstur með markvissum hætti en hann var þekktur listamaður, reiðmeistari og þjálfari í Evrópu á 17. öld. Hann mun fyrstur hafa þróað útfærslu á opnum sniðgagni á baugum þar sem lögð var höfuðáhersla á að mýkja bóga hestsins. Til eru heimildir um að fyrir tíma Newcastle, eins og William Cavendish var alltaf kallaður, hafi annar þjálfari að nafni Pluvinel notað æfingu svipaða sniðgangi til að